

LISTIR

ÁSMUNDUR MEÐAL FÓLKSINS

Sýning á höggmyndum Ásmundar Sveinssonar verður opnuð á mánudag. Ragnhildur Sverrisdóttir ræddi við sýningarstjórana Hönnu Guðrúnu Styrmsdóttur og Pétur H. Ármannsson.

„Já, ég hef trú á fólkinu. Það var fólkið, alþýðan, sem kom hingað á hvítasunnunni... Listasöfn eiga að vera í almenningsgördum, þar sem öll fjölskyldan getur komið – það var unaðslegt að sjá þegar mæðurnar voru að koma með börnin sín um hvítasunnuna.“

Svo fórust Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara orð í viðtali við Þjóðviljann árið 1959, en um hvítasunnuna það ár bauð hann Reykavíkum í nýreista bogaskemmuna við heimili sitt, þar sem nú er Ásmundarsafn við Sigtún. Um 5 þúsund manns lögðu leið sína í safnið á tveimur dögum. Á mánudag, annan í hvítasunnu kl. 17, verður opnuð þar sýning á verkum listamannsins, undir yfirskriftinni Listin meðal fólksins. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík og ber opnunardaginn upp á 109. afmælisdag listamannsins.

Í tilefni sýningarinnar hefur innangi í Ásmundarsafn verið breytt og ganga sýningargestir nú beint inn í bogaskemmuna, í stað þess að ganga inn í þann hluta safnsins sem eitt sinn var íbúð listamannsins. Skemmuna byggði Ásmundur til að tryggja að almenningur ætti aðgang að þeim verkum hans, sem ekki gátu staðið í garðinum við húsið, eins og mörg verka hans gerðu og gera enn.

„Hugmyndin að þessi sýningu er sú bjargfasta skoðun Ásmundar að listin ætti að vera meðal fólksins, ekki bara á söfnum fyrir útvalda. Þessi hugmynd hefur eflaust mótast af tvennu, annars vegar þætti höggmyndalistar í borgarumhverfi í Evrópu í byrjun síðustu aldar og hins vegar uppruna Ásmundar sjálfs í íslenski sveit.“ segir Hanna Guðrún Styrmsdóttir, annar sýningarstjórana.

Pétur H. Ármannsson, hinn sýningarstjórinn, tekur undir þetta og segir að Ásmundur hafi á námsárunum í Stokkhólmi kynnst listinni sem hluta af daglegu umhverfi fólks. Þar hafi hann m.a. lært húsaskreytingar og unnið fyrir arkitekt þar í borg, sem og raunar síðar hér á landi eins og veggskreytingar á Austurbæjarskóla, lágmynd á Ljósafofssvirkjun og hurðir Reykjavíkrapóteks bera vitni um, svo dæmi séu nefnd. „Ásmundur ritaði greinar um borgarskipulag og hlutverk listarinnar í því. Flest verka hans eru hugsuð í tengslum við líf og atvinnu fólks,“ segir Pétur.

List í borginni og Helreið á myndbandi

Sýning á verkum Ásmundar Sveinssonar er í raun ekki bundin við



Morgunblaðið/Golli

Ásmundur Sveinsson vildi að alþýðan nyti listarinnar. Hanna Guðrún Styrmsdóttir og Pétur H. Ármannsson sýningarstjórnar í bogaskemmu Ásmundarsafns. Sýning á höggmyndum Ásmundar verður opnuð á morgun.

Ásmundarsafnið eitt, því í sýningarskrá er að finna kort yfir staðsetningu listaverka hans í borginni, svo sýningargestir geta lagt upp í listleiðangur. Í sumar er einnig fyrirhugað að bjóða upp á gönguferðir um borgina, að skoða verk Ásmundar. Þá hefur verið útbúið myndband, þar sem tækninni er beitt til að sýna höggmyndina Helreiðina í mjög stækkaðri mynd, þar sem hún stendur þvert yfir veg. Hugmyndin að þessi myndbandinu á rætur að rekja til þeirra ummæla Ásmundar, að hann hefði áhuga á að höggmyndin væri yfir Reykjavægi við hús hans. Blámaður Visis tók hugmyndina upp og bætti um betur, því hann skeytti Helreiðinni inn á mynd af Ártúnabrekku, sem eins konar borgarhlíði.

Samræða við samtímamann

Sýningarstjórnarinn leggja áherslu á að setja líf og list Ásmundar í samhengi við Íslandssöguna, heimssöguna og listasöguna. „Ævistarf Ásmundar spannar miklar breytingar,“ segir Hanna Guðrún. „Þeir atburðir

sem mótuðu öldina eiga sér skírskotun í verkum hans.“

Pétur segir yfirlit yfir helstu viðburði sögunnar varpa ljósi á samræðu Ásmundar við samtímamann. „Ásmundur var í París árið 1930, hann upplifði heimskreppuna hér á landi og heimssstyrjöldina síðari, hann byggði hús, fylgdist með kalda stríðinu og sá upphaf geimaldar. Þessi sveitapiltur kynntist öllum straumum samtímans og var alltaf vakandi í list sinni. Undir lok ævinnar var hann orðinn leiður á elstu verkum sínum, en hafði alltaf jafnbrennandi áhuga á næsta verki.“

Hanna Guðrún segir Ásmundur hafa verið mjög viðsýnan og umburðarlyndan í listinni. „Hann var fljótur að tileinka sér nýjungar og fylgdist vel með, sótti t.a.m. sýningar í Gallerí SÚM á 7. og 8. áratugnum.“

Það hljóta að hafa verið mikil viðbrigið fyrir Ásmund að flytja hingað til lands, eftir námsdvöl í Stokkhólmi og síðar París, þar sem dadaisminn blómstraði og listamenn skilgreindu hlutverk myndlistar upp á nýtt.

„Þegar Ásmundur kom heim í byrjun fjórða áratugarins voru engir sýningararsalir á landinu,“ segir Hanna Guðrún. „Hann hélt því fyrstu sýningu sína í hálfkórúðum Arnarhvíli árið 1930. Lengi vel var lítill skilningur á verkum hans sem kom m.a. fram í viðbrögðum manna við áformum um að staðsetja verk hans í borgarlandinu.“

Þrátt fyrir ágætari viðtökur erlendis kaus Ásmundur að búa hér á landi. Hann hafði tekið þátt í opinberu höggmyndasýningunni í París haustið 1928 og vorið 1929 og fengið góða dóma fyrir verk sín. „List Ásmundar er ósvikin og frumleg og skipar honum á bekk með hinum fremstu myndhöggvurum vorra tíma,“ var umsögn eins listgagnrýndans.

Sýningarstjórnarinn vonast til að sýningin Listin á meðal fólksins verði hvati að útteki á ævi listamannsins. „Skráning ævisögu hans, í samhengi við þá tíma sem hann lifði, er skemmtilegt og mikilvægt verkefni,“ sagði Pétur að lokum.

Átta sönglög frumflutt

MARGRÉT Bóasdóttir sópransöngkona og MIKLÓS Dalmay píanóleikari frumflytja átta sönglög við ljóð íslenskra skálda í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag kl. 17. Dagskráin er liður í verkefni Listahátíðar, Fyrir augu og eyru.

Á undan lesa átta af þeim níu myndlistarmönnum sem eiga verk á sýningunni Mynd – íslensk samfímalist ljóðin. Þeir eru Anna Línadal, Birgir Andrésson, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðjón Bjarnason, Jón Óskar, Margrét H. Blöndal, Ómar Stefánsson og Svava Björnsdóttir.

Ljóðin sem lesin verða og síðan flutt af Margréti eru Klippimynd eftir Þuríði Guðmundsdóttur við lag Hildigunnar Rúnarsdóttur, Liljur götunnar eftir Þuríði Guðmundsdóttur við lag Elínar Gunnlaugsdóttur, Mansöngur eftir Jak-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

obínu Sigurðardóttur við lag Hákonar Leifssonar, Mörg eru ljóðin eftir Þorstein frá Hamri við lag Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar, Dagavillt eftir Harald Agnar Leifsson við lag Huga Guðmundssonar, Hrif eftir Jón

Bjarman við lag Jóns Hlöðvers Áskelssonar, Mig dreymir við hrunið heidarsel eftir Snorra Hjartarson við lag Jónasar Tómassonar og Á mörkum eftir Þorstein frá Hamri við lag Kjartans Ólafssonar.

Lokasýning í Vesturportu

LOKASÝNING á leikritinu Með lyklu um hálsinn verður á þriðjudagskvöld kl. 21 í Vesturportu við Vesturgötu, leikhúsi ungra atvinnuleikara.

Leikritið var frumsýnt þann 2. mars og hefur að sögn aðstandenda gengið fyrir fullu húsi síðan. Nú verður sýningin að vikja fyrir öðrum verkefnum sem eru á döfni á næstu vikum.

Leikarar eru Þórunn Erna Clausen, Lára Sveinsdóttir, Björn Hlynur Haraldsson og Erlendur Eiríksson. Höfundur og leikstjóri er Agnar Jón.

Olíumálverk í Þjóðmenningarhúsinu

Á KAFFISTOFU Þjóðmenningarhússins stendur nú yfir sýning á olíumálverkum Steinunnar Bergsteinsdóttur. Þetta er fyrsta málverkasýning Steinunnar og nefnist

hún „Lóur í túni – eldur í jörð“ og jafnframt fyrsta sýningin í kaffistofu Þjóðmenningarhússins.

Steinunn er einkum kunn fyrir textilhönnun og hefur unnið við að hanna íslenskar ullarvörur allt frá árinu 1978, var m.a. yfir hönnunardeild Hildu hf. og stofnfélagi bæði í Gallerí Sólóni Íslandu og Gallerí Langbrók. Nýlega setti Steinunn á markað ullarvörur undir sínu eigin merki og kallar þær Edda-Víking og eru munstrin að grunni til sótt í íslensku handritin og skreyttist víkinga, hinn gamla þjóðararf okkar.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 11–17 fram að mánaðamótum.

Kór í Kristskirkju

BANDARÍSKI Háskólakórinn frá Southwest Missouri undir stjórn Guy B. Weeb heldur tónleika í Kristskirkju annað kvöld, mánuðagskvöld, kl. 20. Tónleikarnir eru liður í tónleikaferð kórsins um Norðurlönd. Flutt verða verk eftir Giovanni Gabrieli, Joaquin de Prez, John Tavener og Alfred Schmitke. Aðgangur er ókeypis.

Barnahúsgögn



Traust og örugg húsgögn sem vaxa með barninu þínu

Sérdeild með miklu úrvali af barna- og unglinga húsgögnum. Skoðuðu uppsett herbergi á staðnum, óendanlegir möguleikar.

Opið alla daga: Mán.-föst. 13-18 • Laug. 11-16 • Sun. 13-16

HÚSGÖGNA HEIMILIÐ

Fossaleyri 6 • Grafarvogi • Sími 586 1000 • www.husgogn.is